



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

NÍÐURSTÖÐUR
VIÐHORFSKÖNNUNAR
DAGFORELDRA
VORIÐ 2010

SEPTEMBER 2010



Efnisyfirlit

Gagnaöflun og framkvæmd.....	2
Niðurstöður.....	2
Bakgrunnur.....	2
Stuðningur og ráðgjöf frá þjónustumiðstöðvum	2
Mat á eftirliti með starfsemi dagforeldra.....	4
Dvalarsamningar	7
Foreldrasamstarf og dagskipulag	8
Námskeið dagforeldra	9
Samanburður við fyrri kannanir	10
Samantekt.....	11
 Viðauki – Almennar athugasemdir dagforeldra	 12

Gagnaöflun og framkvæmd

Í júlí 2010 var framkvæmd könnun meðal dagforeldra í Reykjavík. Þetta var í þriðja sinn sem slík könnun var framkvæmd en þær fyrri voru gerðar árin 2006 og 2008.

Markmið könnunarinnar var að skoða samskipti dagforeldra og þjónustumiðstöðva, nýtingu dagforeldra á ráðgjöf og stuðningi daggæslufulltrúa og um fyrirkomulag eftirlits með starfseminni. Sendur var tölvupóstur með beiðni um þátttöku til þeirra dagforeldra sem höfðu skráð netfang hjá þjónustumiðstöð í sínu hverfi. Einnig var hringt í dagforeldra sem ekki voru með netfang í júlí og ágúst 2010 og tóku þannig alls um 70% dagforeldra í Reykjavík þátt í könnuninni eða 117.

Niðurstöður

Bakgrunnur

Dagforeldrarnir höfðu starfað að meðaltali í 14 ár og eins og fram kemur í töflu 1 höfðu 63% þeirra starfað í 8 ár eða lengur.

Tafla 1. Starfsaldur


	Fjöldi	Hlutfall
Eitt ár eða skemur	6	5%
Tvö til fjögur ár	29	25%
Fimm til sjö ár	8	7%
8 - 14 ár	31	26%
15 - 20 ár	6	5%
21 ár eða lengur	37	32%
Alls	117	100%

Dagforeldrarnir voru spurðir hvort þeir hefðu tekið hætt störfum í lengri tíma frá því þeir hófu fyrst störf og höfðu mjög fáir tekið sér slík hlé. Áhrif þess á meðaltals starfsaldur voru lítil.

Stuðningur og ráðgjöf frá þjónustumiðstöðvum

Tæpur helmingur eða 42% svarenda sögðust hafa leitað til daggæsluráðgjafa í þjónustumiðstöð í sínu hverfi til að fá ráðgjöf og/eða stuðning í starfi síðastliðinn vetur, heldur færri en árið 2008 þegar um 58% höfðu haft samband við daggæsluráðgjafa.

Dagforeldrarnir voru beðnir um að nefna hvers vegna þeir hefðu leitað ráðgjafar og má sjá helstu ástæðurnar á mynd 1. Flestir þeirra sögðust hafa leitað eftir *almennum upplýsingum* um starfið og þar á eftir kom ráðgjöf vegna samskipta við foreldra. Þá leituðu fleiri dagforeldrar í ár ráðgjafar varðandi *þroskafrávik* og eða *þörf á greiningu*.




Mynd 1. Hvers vegna leitaðir þú eftir ráðgjöf/stuðningi?

Þeir sem nefndu *annað* áttu oftast við aðstoð við pappírsvinnu, barnavernd og um þjónustu ef barn var veikt. Þess ber að geta að svarendur gátu merkt við fleira en eitt svar. Þegar spurt var sérstaklega um dvalasamninga og gerð þeirra sögðust 25 dagforeldrar hafa leitað til ráðgjafa til að fá aðstoð við gerð þeirra eins og fram kemur síðar í skýrslunni þegar fjallað er um dvalasamninga.

Flestir þeirra sem leituðu til daggæsluráðgjafa eða um 72% sögðust hafa verið frekar eða mjög ánægðir með ráðgjöfina eins og sjá má á mynd 2.

Ánægja með ráðgjöf og/eða stuðning hefur minnkað á milli ára, var tæp 89% árið 2008 og var 72% í ár. Ekki er þó um að ræða mikla fjölgun óánægðra heldur þeirra sem eru hvorki ánægðir né óánægðir.




Mynd 2. Ánægja með ráðgjöf og/eða stuðning daggæsluráðgjafa

Þegar spurt var opið um ráðgjöfina nefndu margir að upplýsingarnar hefðu komið að gagni og að oftast hefðu fengist skjót svör. Þeir sem voru hlutlausir eða óánægðir með ráðgjöfina nefndu t.d. að erfitt væri að ná í ráðgjafa og einn nefndi að það væri stundum óljóst við hvern ætti að tala ef aðkallandi mál kæmu upp. Þá var einnig nefnt að gefnar upplýsingar hefðu ekki verið réttar og að ráðgjafi væri ekki nægjanlega upplýstur sjálfur um málefnið.

Mat á eftirliti með starfsemi dagforeldra


Samkvæmt reglum um daggæslu í heimahúsum hjá Reykjavíkurborg fá dagforeldrar ráðgjafa í heimsókn a.m.k. einu sinni á ári til að tryggja samráð og veita markvissan faglegan stuðning. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum sjá um þessar heimsóknir. Í könnuninni var spurt hvort dagforeldri hefði fengið heimsókn frá daggæsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð hverfisins á síðastliðnum vetri.

73% dagforeldranna sögðust hafa fengið heimsókn frá ráðgjafa á síðastliðnum vetri sem er nær sama hlutfall og árið 2008. Þegar spurt var um ánægju með heimsóknina voru um 80% ánægðir eins og sést á mynd 3.



Mynd 3. Ánægja með heimsókn daggæsluráðgjafans

Þá voru dagforeldrarnir beðnir að gefa sitt mat á eftirliti með starfsemi þeirra og sögðu um 73% þeirra að þeir væru ánægðir með núverandi fyrirkomulag, rúm 20% hvorki ánægðir né óánægðir og 6% voru óánægðir með fyrirkomulagið. Ánægja hefur minnkað úr því að hafa verið 81% árið 2008 en óánægja hefur þó einnig minnkað úr því að hafa verið 10% í 7% í ár eins og sjá má á mynd 4.




Mynd 4. Ertu ánægð/ur eða óánægð/ur með fyrirkomulag á eftirliti með starfsemi dagforeldra?

Þegar dagforeldrarnir voru beðnir að nefna hvað þeir væru sérstaklega ánægðir með nefndu margir að mikið og gott eftirlit væri til staðar og að það væri nauðsynlegt að hafa slíkt eftirlit. Einnig væri gott að öryggisatriðum væri fylgt vel eftir. Þá kæmu oft fram í eftirlitsheimsókninni mikilvægar upplýsingar sem tengjast starfinu. Nokkuð margir nefndu ánægju með viðmót þeirra einstaklinga sem sjá um eftirlitið og að það væri til fyrirmyndar. Helsta gagnrýnin á heimsóknir eftirlitsaðila var að þeir kæmu ekki nægilega oft og þá var það sérstaklega nefnt fyrir þá dagforeldra sem ekki höfðu starfað lengi.

Spurt var sérstaklega um hvort fagleg ráðgjöf og stuðningur í starfi væri nægjanlegur en sú spurning var ekki í síðustu könnun. Fram kom að 66% dagforeldranna töldu **stuðning** við sig vera nægilegan en um þriðjungur taldi svo ekki vera. Í framhaldi var spurt hvað mætti helst bæta og hvað væri vel gert. Þær athugasemdir sem komu fram varðandi stuðninginn voru helst þær að bæta mætti aðgengi að alls konar sérfræðingum og má þar nefna mikilvægi þess að hafa aðgang að trúnaðarlækni ef þyrfti. Einnig var nefnt að nauðsynlegt væri að auðvelda aðgang að túlkum og að upplýsingabæklingar og annað slíkt efni mætti vera á fleiri tungumálum. Töluvert margir nefndu að það mætti vera *meiri aðstoð og fleiri heimsóknir* frá ráðgjafa.


Um þriðjungur dagforeldranna taldi það vera jákvætt að eftirlit og stuðningur væru aðskilin þannig að ráðgjöf kæmi frá þjónustumiðstöð og eftirlit frá sérstökum aðila. Þetta eru heldur færri en í síðustu könnun þegar 83% voru sáttir við fyrirkomulagið. Eins og í fleiri spurningum lá munurinn í því að nú voru margir sem svöruðu hvorki né.

Flestum dagforeldranna reyndist auðvelt að fylgja *verklagsreglum um öryggisatriði* í starfi og er niðurstaðan svipuð og í síðustu könnun.



Mynd 5. Hvernig gengur að fylgja verklagsreglum um öryggisatriði í starfi?

Þegar spurt var hversu vel eða illa svarendur þekktu *verklagsreglur um kvartanir og/eða athugasemdir um öryggisatriði* frá eftirlitsaðilum sagðist um helmingur dagforeldra þekkja þær vel. Þessi spurning var ekki í könnuninni 2008.




Mynd 6. Hversu vel eða illa þekkirðu verklagsreglur um kvartanir og/eða athugasemdir frá eftirlitsaðilum?

Þá var spurt hvort verklagsreglur um kvartanir og/eða athugasemdir væru sanngjarnar eða ósanngjarnar. Rúmur helmingur, eða 52%, sögðu þær vera sanngjarnar, 40% hvorki né en tæp 9% að þær væru ósanngjarnar. Þess má geta að þeir sem sögðust þekkja verklagsreglurnar vel voru í meirihluta þeirra sem fundust að kvartanir og athugasemdir eftirlitsaðila væru sanngjarnar.

Dvalarsamningar


Dvalasamningur felur í sér að bæði foreldrar og dagforeldrar samþykkja ákveðna skilmála varðandi vistun barns, s.s. vistunartíma, greiðslur, reglur og upplýsingar varðandi veikindi og fleiri slík atriði. Langflestir, eða 87% dagforeldra, sögðust alltaf gera dvalasamninga við foreldra þegar barn hefur vistun hjá þeim. Meirihluti dagforeldranna notaðist við eyðublað frá þjónustumiðstöðvunum.



Mynd 7. Við gerð á dvalarsamningi styðst þú þá við eyðublað frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar eða gerir þú þinn eigin samning?

Þeir sem merktu við *annað* nefndu dvalarsamning frá Barnavistun, félagi dagforeldra. Nokkrir sögðust einnig nota eyðublað frá þjónustumiðstöð ásamt sínu eigin eyðublaði með sérstökum ákvæðum.

Um helmingur dagforeldranna sagðist alltaf/oftast skila afriti af dvalarsamningnum til þjónustumiðstöðvar í hverfinu en 40% aldrei. Eins og sjá má á mynd 8 voru mun færri sem sögðust skila dvalasamningi nú en árið 2008.




Mynd 8. Skilar þú afriti af dvalarsamningnum til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar?

Um 25% sögðust hafa leitað aðstoðar daggæsluráðgjafa við gerð dvalarsamninga.

Foreldrasamstarf og dagskipulag


Í könnuninni voru nú í fyrsta sinn spurningar um foreldrasamstarf sögðu rúm 90% dagforeldra að þeir boðuðu foreldra í viðtal áður en barnið hæfi vistun. Þá var spurt hvort fundir með foreldrum allra barnanna væru haldnir, t.d. til upplýsingar um starfið, en fæstir dagforeldranna höfðu haldið slíka fundi eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 9. Boðar þú foreldra í viðtal fyrir vistun barns eða heldur foreldrafundi?


Fram kom hjá nokkrum dagforeldrum að þeir leggðu meira upp úr að koma með daglegar upplýsingar til foreldra og spjalla við þá þegar börnin eru sótt úr vistun og ekki væri því þörf á sérstökum foreldrafundum.

Einnig var nú í fyrsta sinn spurt um dagskipulag og ýmsa þætti í kringum starfið sjálft. Um 82% dagforeldra sögðust hafa gjaldskrá sem foreldrar gætu fengið upplýsingar um og um 76% höfðu leyfisbréf sitt sýnilegt. Þá sögðust 74% vera með fastmótað dagskipulag.



Mynd 10. Hlutfall þeirra sem hafa viðkomandi atriði skrifleg og/eða sýnileg foreldrum

Spurt var sérstaklega um hvað kæmi fram í dagskipulaginu og voru svarendur beðnir að merkja við allt sem við átti. Allir sögðu morgunmatartíma og hádegismatartíma vera tilgreinda þar. Þá sögðu flestir útiveru, hvíld og drekkutíma vera hluta af dagskipulagi.




Mynd 11. Hvað kemur fram í dagskipulaginu?

Um 19% svarenda nefndu að aðrir hlutir væru í skipulaginu og nefndu meðal annars þætti eins og þemavikur, samstarf við aðra dagforeldra og vettvangsferðir.


Námskeið dagforeldra

68% dagforeldra höfðu farið á námskeiðsdag dagforeldra sem haldinn var 19. mars 2010 og er liður í símenntun dagforeldra. Það er svipað hlutfall dagforeldra og árið 2008. Flestir þeirra sem ekki mættu voru veikir eða komust ekki eins og fram kemur á mynd 12.



Mynd 12. Af hverju sóttir þú ekki námskeiðsdag dagforeldra?

Spurt var um ánægju með námskeiðsdaginn og voru 78% svarenda ánægðir í samanburði við 82% árið 2008.



Mynd 13. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varstu með námskeiðsdaginn?

Að lokum voru dagforeldrar spurðir hvort þeir hefðu áhuga á lengra námskeiði, n.k. framhaldi af því sem þeir sækja til að fá starfsleyfi og hvað þeir hefðu áhuga á að fjallað væri um á þannig námskeiði. Tekið var fram að kostnaður af framhaldsnámskeiði myndi greiðast af dagforeldrum sjálfum. Um 40% dagforeldranna sögðust vilja slíkt námskeið og margir nefndu að þeir myndu vilja að fjallað væri um næringu barna, um þroska og þroskafrávik, barnasjúkdóma og slysavarnir.

Samanburður við fyrri kannanir

Í töflu 2 má sjá yfirlit sambærilegra spurninga sem spurt var í könnun 2006 og 2008 ásamt samanburði á svarendahópi.

Tafla 2. Samanburður á könnunum 2006, 2008 og 2010

	2006	2008	2010
Svarhlutfall	83%	88%	70%
Starfsaldur	11 ár	13 ár	14 ár
Leitað til þjónustumiðstöðvar vegna ráðgjafar/stuðnings	32%	58%	42%
Ánægja með ráðgjöf/stuðning þjónustumiðstöðva	93%	88%	72%
Fengu ráðgjafaheimsókn á starfsárinu	65%	72%	73%
Ánægja með ráðgjafaheimsókn	83%	98%	80%
Ánægja með aðskilnað ráðgjafar og eftirlits	55%	83%	66%

Samantekt

Í könnuninni hefur viðhorfum um 70% dagforeldra í Reykjavík verið lýst. Tæpur helmingur dagforeldra leitaði til daggæsluráðgjafa í þjónustumiðstöð í sínu hverfi til að fá ráðgjöf og/eða stuðning í starfi síðastliðinn vetur. Flestir þeirra sem leituðu til daggæsluráðgjafa sögðust hafa verið ánægð/ir með ráðgjöfina.

Meirihluti dagforeldranna sögðust hafa fengið heimsókn frá ráðgjafa á síðastliðnum vetri og voru nokkuð færri ánægðir með þá heimsókn sé miðað við niðurstöður sambærilegrar könnunar 2008. Einnig var spurt um heimsóknir frá eftirlitsaðila sem dagforeldrar reyndust ánægðir með að mestu leyti. Þegar dagforeldrarnir voru beðnir að nefna hvað þeir væru sérstaklega ánægðir með kom skýrt fram hjá flestum ánægja með hversu mikið og gott eftirlit væri til staðar og að nauðsynlegt væri að hafa gott eftirlit með starfinu og að fylgst væri með öryggisatriðum. Næstum allir dagforeldrarnir gerðu alltaf dvalasamning við foreldra þegar barnið hóf vistun og mjög algengt var að dagforeldrar ættu viðtal við foreldra barns áður en það byrjaði.

Í almennum athugasemdum kom fram mikil starfsánægja og vellíðan í starfinu. Óánægja kom helst fram með nýjar reglugerðir og að samstarf og upplýsingaflæði við starfsemi leikskóla mætti vera meira.

Viðauki I – Almennar athugasemdir dagforeldra

- Elska starfið mitt :)
- Endurgreiðslan mætti vera 12 mánuði á ári, þó foreldrar borgi bara 11 mánuði.
- Er bara mjög sátt við mig og starf mitt:)
- Er í bestu vinnu í heimi :o)
- Er mjög ánægð í starfi, en eigum að fá að starfa með ykkur áfram í okkar málum eins og áður, enda hefur það gengið mjög vel sem komið er.
- Er mjög ánægð með starf mitt sem dagforeldri.
- Ég er mjög stolt af mínu starfi og legg allan minn metnað í að hafa hlutina fagmannlega. Því miður eru alltof margir dagforeldrar sem líta niður á vinnuna sína og líta á starfið sem geymslu. Þetta þarf að bæta það ber enginn virðingu fyrir dagforeldri sem ber ekki virðingu fyrir sínu starfi.
- Mér finnst vanvirðing við okkur að auka ekki upplýsingaflæðið, mörg okkar eru að vinna mjög gott starf.
- Finnst að Reykjavíkurborg eigi að eiga kerrur til að lána okkur
- Greiðslur þær sömu og á leikskólum og börnin séu hjá okkur til 24-28 mán.
- Ja að þessi könnun verði birt opinberlega, það var ekki gert síðast eins og hún kom vel út þá var ekkert fjallað um hana.
- Komið fram við okkur með hroka ef eitthvað er að.
- Mér fyndist sanngjarnt ef niðurgreiðslur fyrir börn sem dvelja hjá dagforeldri væru það háar að foreldrar væru ekki að greiða meira úr sínum vasa en ef barnið væri á leikskóla, það er mín trú að við dagforeldrar séum ekki að veita síðri þjónustu en leikskólarnir og kannanir hafa sýnt að foreldrar eru mjög ánægðir með þjónustuna, það væri sanngjarnt að foreldrar hefðu raunverulegt val.
- Mér finnst eiginlega pínulítill brandari þessi stóra sjúkrataska sem við eigum að hafa...þó að ég sé að sjálfsögðu með allt sem á í henni að vera. Það mætti kannski bjóða upp á eitt námskeið þar sem farið er yfir allt sem þarna á að vera.
- Mætti koma á styrkjum td, til kerrukaupa,leikfanga og viðhaldsstyrki.
- Ég er mjög ánægð í starfi sem dagforeldri.
- Samningur milli dagforeldra og borgarinnar er nauðsynlegur.

- Vill samning sem fyrst um föst grunnlaun frá borginni, og hafa þá þak á gjaldi til foreldra, þannig að þó að illa ári og skortur sé á börnum, að við getum alltaf treyst á 5 niðurgreiðslur.
- Væri gott að foreldrar fengju betri upplýsingar um hvenær börn þeirra komast inn á leikskóla.
- Yfirleitt mjög skemmtilegt og gefandi starf en oft mjög erfitt. Finnst starfsóöryggið erfitt en hef reyndar verið heppin og alltaf fullt hjá mér, fyrir utan 3 mánuði árið 2009. 3 börn hjá mér eru orðin 2 1/2 árs og löngu tilbúin í leikskóla. Finnst vissulega gaman að hafa svona stór börn en þau eru mjög kröfuhörð og því fá yngri börnin ekki eins mikla athygli og ég myndi vilja veita þeim. Daggæsluráðgjafinn kom því á að við fáum afnot af kirkjunni til að dagforeldra hittust og finnst mér starfið miklu skemmtilegra eftir að ég kynntist dagforeldrunum í hverfinu mínu.
- Það er óviðunandi að niðurfelling á niðurgreiðslu sé færð til um heilan mánuð, og foreldrar fái ekki 11 mánuði heldur 10 niðurgreidda. dagforeldrar jafnvel með orlofið bundið á reikningum, búnir að gera vistunarsamninga um frí í ágúst og niðurgreiðslur felldar niður með einu pennastriki í júlí.
- Það hefur verið í umræðunni að taka fyrir það að dagforeldrar í Reykjavík vistuðu hjá sér börn úr öðru sveitarfélagi. Sú umræða er mér ekki að skapi og brýtur á réttindum okkar sem sjálfstæðum dagforeldrum sem eiga að geta valið sér kúnna eins og aðrar stéttir. Ekki dettur nokkrum rafvirkja eða tannlækni í hug að láta bara skipta við kúnna úr öðru sveitarfélagi.
- Er ósátt við nýju reglugerðina um endurgreiðslur til foreldra, finnst vera að koma aftan að okkur dagforeldrum.
- Ekki ánægð með nýju reglugerðina.
- Það er unnið mjög gott starf með dagforeldrum
- Það er rosalega gaman að vera í þessu starfi
- Mjög skemmtilegt starf
- Þetta hefur verið yndislegt starf en síðasta barnið var að fara frá mér í dag. Ég hef elskað tímann með börnunum.
- Þeir samningar sem dagforeldrar eru með eru hundsáðir en hver og einn dagforeldri er með sínar reglur. Grautfúl með nýtt kerfi sem er við að setja á okkur.
- Vill fá sjötta barnið inn, það er ekkert að því fyrir þá dagforeldra sem eru með reynslu.
- Mjög gott starf.
- Í samstarfi við leikskólana er oft erfitt að vita hvenær börnin komast þangað, oft lítill fyrirvari.

- Meira eftirlit og barnavernd mætti taka út börn ef dagforeldrar koma með athugasemdir.
- Mikill tími með börnum og eftirlit mætti vera meira, öryggisfulltrúi mætti koma oftar og óundirbúnaðar heimsóknir mætti vera fleiri.
- Það má skoða betur með undanþágur, aðstæður mættu vera kannaðar og meiri sveigjanleiki, til dæmis með að taka fleiri börn.
- Niðurgreiðslurnar ættu frekar að fara beint til foreldra, stundum lendir maður í rosalegu veseni, búin að gefast upp á þjónustumiðstöð því þær svara ekki.
- Að börnin séu hjá okkur til 24-28 mán. og vitum ekkert fyrirfram.
- Mikilvægt að eftirlitisaðili fari ekki í vagna eða þar sem börnin eru sofandi og vekji þau, það þarf að taka tillit til þess þar sem að þau eru kannski ný sofnuð. Að okkar starf sé metið annars hef ég ekkert á móti að fá þessa heimsóknir
- Að fulltrúar Reykjavíkur þekki starf mitt og virði mig sem hlekk í uppeldiskeðju borgarinnar.
- Algjör nauðsyn þess að niðurgreiðslan hækki.